



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf

29. janúar 2013
Tilvisun: 2011110045

Efni: Umsögn um drög að nýrri gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins

Endurskoðun hefur farið fram á eftirfarandi gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins í þeim tilgangi að sameina þær í eina gjaldskrá:

- nr. 431/2008 vegna afgreiðslu umsókna og útgáfu leyfa skv. 30. gr. laga nr. 11/2008.
- nr. 134/2009 fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa.
- nr. 900/2010 fyrir nauðsynlegt umframeftirlit og aðrar sértækar aðgerðir.

Helstu breytingar frá gildandi gjaldskrá eru eftirfarandi:

- Fastagjöld eru nú einungis greidd fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi, en voru áður einnig greidd fyrir staðfestingu á gildi starfsleyfis, tilkynningu yfir landamæri og beiðni um tilkynningu yfir landamæri á staðfestri lýsingu.
- Sérstakt ákvæði er nú um endurskoðun tilboðsverðs yfirtökutilboðs skv. 8. mgr. 103. gr. laga nr. 108/2007, sbr. 7. gr. draganna.
- Lagatilvísanir hafa verið uppfærðar.

Reikningsleg úttekt á áætluðum kostnaði fyrir vinnu Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að ekki þótti ástæða til þess að breyta tímagjaldinu og er því lagt til að það verði áfram 12.500 kr.

Fjármálaeftirlitið býður hagsmunaaðilum að koma á framfæri athugasemdum um drög að nýrri gjaldskrá Fjármálaeftirlitsins, sbr. umræðuskjal nr. 1/2013. Óskað er eftir að athugasemdirnar séu settar fram á meðfylgjandi eyðublað og sendar rafrænt til Fjármálaeftirlitsins eigi síðar en 19. febrúar nk.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Guðrún Finnborg Þórðardóttir


Hildur Jóna Júlíusdóttir